

# Lög um Loftslags- og Orkusjóð

2020 nr. 76 10. júlí

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 14. júlí 2020.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** eða **umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna [hér](#).

## ■ 1. gr. Loftslags- og Orkusjóður.

Starfrækja skal sjóð í eigu íslenska ríkisins sem nefnist Loftslags- og Orkusjóður. Ríkið ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins og heyrir hann stjórnarfarslega undir ráðherra.

## ■ 2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Loftslags- og Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka nýtingu á innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum.

Loftslags- og Orkusjóður styður jafnframt við verkefni sem stuðla að orkuöryggi og samkeppnishæfni á sviði orkumála og orkutengd verkefni á grundvelli orkustefnu, nýsköpunarstefnu, byggðastefnu og stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Loftslags- og orkusjóður skal enn fremur styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, efla hringrásarhagkerfið, auka kolefnisbindingu fyrir utan skógrækt og landgræðslu og auka viðnámsþrótt gegn loftslagsvá.

Jafnframt er hlutverk Loftslags- og orkusjóðs að sjá um beinar stuðningsaðgerðir, svo sem styrki til kaupa á rafbílum og styrki til jarðhitaleitar, eftir atvikum hverju sinni.

## ■ 3. gr. Stjórn.

Ráðherra skipar þrjá einstaklinga í stjórn Loftslags- og Orkusjóðs til fjögurra ára, þar af skal einn skipaður formaður.

Stjórn Loftslags- og Orkusjóðs skal hafa yfirumsjón með umsýslu sjóðsins í samræmi við hlutverk hans.

Orkustofnun annast daglega umsýslu Loftslags- og Orkusjóðs undir yfirstjórn stjórnar sjóðsins.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

## ■ 4. gr. Fjármögnun verkefna.

Stjórn Loftslags- og Orkusjóðs gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og framlög úr Loftslags- og Orkusjóði í samræmi við áherslur og stefnumótun stjórnvalda sem og fjárhags-

og greiðsluáætlun sjóðsins.

Loftslags- og Þorkusjóði er ekki heimilt að veita Orkustofnun styrki eða lán af fé sjóðsins.

■ **5. gr. Eftirlit.**

Þeir sem hljóta styrk eða lán frá Loftslags- og Þorkusjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum stjórnar Loftslags- og Þorkusjóðs.

Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga Loftslags- og Þorkusjóðs.

■ **6. gr. Tekjur.**

Tekjur Loftslags- og Þorkusjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni og vextir af fé sjóðsins.

■ **7. gr. Kostnaður af rekstri.**

Kostnaður af rekstri Loftslags- og Þorkusjóðs greiðist af tekjum hans eða eigin fé.

■ **8. gr. Reglugerðarheimild.**

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari fyrirhæli um skilyrði fyrir framlögum úr Loftslags- og Þorkusjóði, undirbúning úthlutunar, lánveitingar, þ.m.t. vexti og önnur útlánakjör, greiðslur, eftirlit með framkvæmdum sem Loftslags- og Þorkusjóður veitir fé til og heimildir til að fella niður endurgreiðsluskyldu lántaka. Stjórn Loftslags- og Þorkusjóðs getur sett nánari reglur og skilyrði um tilfærslu fjármuna milli einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og skipulag Loftslags- og Þorkusjóðs og framkvæmd laga þessara.

■ **9. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. ...